

Orkugerðin ehf
Heiðargerði 5
801 Selfoss

31. október 2025
UOS2503308/F.T.

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf dags. 24.3.2025 þar sem stofnunin áformaði að áminna Orkugerðina ehf. vegna frávíks er skráð var í eftirliti þann 27.8.2025.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Grein 4.1 í starfsleyfi. Fyrir 1. maí ár hvert ber rekstraraðila að taka saman skráningar, sbr. grein 4.2 í starfsleyfi. Vantar niðurstöður mælinga 2023, skv. grein 4.2 í starfsleyfi er varðar að mælingar eigi að vera gerðar einu sinni á ári og á þeim tíma sem verksmiðjan er keyrð með sem næst hámarksálagi. Ekki er nóg að vísa í umfjöllun um fyrirliggjandi niðurstöður.

Rekstraraðili sendi stofnuninni úrbótaáætlun þann 7.4.2025 þar sem kom fram að mælt yrði í september 2025, á hámarksálagi og að niðurstöður ættu að vera tilbúna í október. Með bréfi 19.6.2025 féllst stofnunin á úrbótaáætlun rekstraraðila. Í bréfinu kom fram að ef áætlun um úrbætur gengi ekki eftir, myndi stofnunin halda áfram eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Stofnuninni barst bréf frá Orkugerðinni dags. 23.10.2025 þar sem fram kom að ekki hafi verið mælt í samræmi við úrbótaáætlun, þ.e. í september. Stofnunin bendir á að rekstraraðili mun ekki hafa framkvæmt framangreindar mælingar í þrjú ár, fari svo að ekki verði mælt á hámarksálagi haustið 2025. Fyrst var frávikið skráð í bréfi stofnunarinnar frá 18.11.2024 þar sem fram kom að ekki hefði verið mælt árið 2023, sjá frávikalýsingu hér að ofan. Einnig var frávikið skráð í bréfi stofnunarinnar dags. 3. október 2025 þar sem fram kom að ekki hefði verið mælt fyrir árið 2024.

Í ljósi þess að ekki var staðið við úrbótaáætlun, mun stofnunin halda áfram eftirfylgni vegna frávíksins og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Rekstraraðila er veittur frestur til 14. nóvember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Stofnunin fer fram á að rekstraraðili skili til stofnunarinnar upplýsingum um hvenær skuli mælt og staðfestingu frá mælingaraðila þar um, að viðkomandi taki að sér mælinguna og hvenær skuli mælt.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Stofnunin bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1033/2025. **Gjaldið er 44.800 kr.**

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur